

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 21/95
frá 5. apríl 1995**

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með hliðsjón af sameiginlegri yfirlýsingu um skipasmíðar sem samþykkt var með tilliti til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn.

XV. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 90/684/EBE frá 21. desember 1990 um aðstoð til skipasmíða⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/115/EBE frá 16. desember 1993⁽³⁾ og tilskipun ráðsins 94/73/EB frá 19. desember 1994⁽⁴⁾, skal tekin upp í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi ný fyrirsögn og nýr liður bætist við á eftir lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE) í XV. viðauka við samninginn:

„Aðstoð til skipasmíða

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 326, 28. 12. 1993, bls. 62.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 351, 21. 12. 1994, bls. 10.

- 1b. 390 L 0684: Tilskipun ráðsins 90/684/EBE frá 21. desember 1990 um aðstoð til skipasmíða (Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 27), eins og henni var breytt með:
- 393 L 0115: Tilskipun ráðsins 93/115/EB frá 16. desember 1993 (Stjtið. EB nr. L 326, 28. 12. 1993, bls. 62),
 - 394 L 0073: Tilskipun ráðsins 94/73/EB frá 19. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 351, 21. 12. 1994, bls. 10).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) og b) hugtakið „aðildarríki“ lesist sem „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“;
- c) hugtakið „framkvæmdastjórnin“ lesist sem „þar til bær eftirlitsstofnun samanber 62. gr. EES-samningsins“;
- d) í fyrstu undirgrein d-liðar 1. gr. lesist setningin „opinber aðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. sáttmálans“ sem „opinber aðstoð samkvæmt 61. og 62. gr. EES-samningsins“;
- e) í 2. mgr. 3. gr. lesist „skipasmíðastöðvum í bandalaginu“ sem „skipasmíðastöðvum í bandalaginu eða EFTA-ríkjum“;
- f) í 4. mgr. 3. gr. lesist „reglum bandalagsins“ sem „reglum EES-samningsins“;
- g) í 1. mgr. 4. gr. lesist „hinum sameiginlega markaði“ sem „framkvæmd EES-samningsins“;
- h) í fyrstu undirgrein 2. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „skipasmíðastöðvar bandalagsins“ sem „skipasmíðastöðvar á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til“;
- i) eftirfarandi bætist við í lok fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr:

„Áður en hámark er fastsett skulu þar til bærar eftirlitsstofnanir, samanber 62. gr. EES-samningsins, skiptast á upplýsingum og hafa náíð samráð hverjar við aðra, í því skyni að ná fram samræmdri beitingu innan EES.“;
- j) í 3. mgr. 4. gr. lesist setningin „sem stangast á við hagsmuni bandalagsins“ sem „sem stangast á við sameiginlega hagsmuni“;
- k) eftirfarandi bætist við annan málslið í fyrstu undirgrein 3. mgr. 4. gr.:

„Áður en hámark er endurskoðað skulu þar til bærar eftirlitsstofnanir, samanber 62. gr. EES-samningsins, skiptast á upplýsingum og hafa náíð samráð hverjar við aðra, í því skyni að ná fram samræmdri beitingu innan EES.“;
- l) önnur undirgrein 5. mgr. 4. gr. lesist:

„Keppi skipasmíðastöðvar í mismunandi ríkjum á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til um tiltekinn samning skulu þar til bærar eftirlitsstofnanir, samanber 62. gr. EES-samningsins, óska eftir fyrirfram tilkynningu um aðstoð sem er í boði, fari ríki fram á það. Í slíkum tilvikum tekur eftirlitsstofnunin afstöðu innan 30 daga frá því að tilkynning berst, að höfðu samráði við aðra eftirlitsstofnun. Slíkar tillögur um aðstoð má ekki framkvæma fyrr en þar til bær eftirlitsstofnun hefur samþykkt þær. Með ákvörðun sinni skal þar til bær eftirlitsstofnun sjá til þess að fyrirhuguð aðstoð hafi ekki áhrif á viðskiptakjör á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til í þeim mæli að stangist á við sameiginlega hagsmuni.“;

- m) í 2. mgr. 6. gr. lesist setningin „í einu skipasmíðastöð aðildarríkis ef áhrif umræddrar skipasmíðastöðvar á markað bandalagsins eru hverfandi“ sem „í einu skipasmíðastöð EB-ríkis eða EFTA-ríkis ef áhrif umræddrar skipasmíðastöðvar á EES-markaðinn eru hverfandi“;
- n) í 4. mgr. 6. gr. lesist „markmiðum bandalagsins“ sem „sameiginlegum markmiðum“;
- o) í fjórðu undirgrein 1. mgr. 7. gr. lesist „fyrirfram samþykkis framkvæmdastjórnarinnar“ sem „fyrirfram samþykkis þar til bærrar eftirlitsstofnunar, samanber 62. gr. EES-samningsins“;
- p) í fimmtu undirgrein 1. mgr. 7. gr. lesist „ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar“ sem „ákvörðun þar til bærrar eftirlitsstofnunar, samanber 62. gr. EES-samningsins“;
- q) í 3. mgr. 7. gr. lesist „löggjafar og reglna bandalagsins“ sem „reglna samkvæmt EES-samningnum“;
- r) í 2. mgr. 8. gr. lesist setningin „samkvæmt skilgreiningu framkvæmdastjórnarinnar í I. viðauka við rammaákvörðun bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsóknar og þróunar“ sem „samkvæmt skilgreiningu framkvæmdastjórnarinnar í I. viðauka við rammaákvörðun bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsóknar og þróunar⁽⁵⁾“ og eftirlitsstofnun EFTA í 14 hluta í „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar⁽⁶⁾“;
- s) í 1. mgr. 11. gr. lesist „92. og 93. gr. sáttmálans“ sem „61. og 62. gr. EES-samningsins“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 90/684/EBE, tilskipunar ráðsins 93/115/EBE og tilskipunar ráðsins 94/73/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. C 83, 11. 4. 1986, bls. 2.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 231, 3. 12. 1994, bls. 25.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. apríl 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker